

GRUNDASKÓLI AKRANESI

MINNISBLAÐ UM VAL TVEGGJA LEIÐA VIÐ ENDURBÆTUR, A og B LEIÐ

4. júní 2021

LEIÐ A - framkvæmdakostnaður 780 milljónir, samtals 2620 m² (kr. 298 þús. pr. m²)

- C-ÁLMA, ENDURSKIPULAG 1. OG 2. HÆÐAR (1. hæð 900m², 2. hæð 1040 m²)
- C-ÁLMA, STÆKKUN RISHÆÐAR (3. hæð, rishæð 360 m²)
- BREYTT NÝTING STJÓRNUNARÁLMO (320 m²)
- KENNSLUSTOFUR: 11 kennslustofur á 2. hæð C-álmu og 4 í stjórnunarálmu, **samtals 15 kennslustofur.**

LEIÐ B - framkvæmdakostnaður 590 milljónir, samtals 2260 m² (kr. 260 þús. pr. m²)

- C-ÁLMA, ENDURSKIPULAG 1. OG 2. HÆÐAR (1. hæð 900m², 2. hæð 1040 m²)
- C-ÁLMA, RISHÆÐ VERÐUR EKKI NÝTT ÁFRAM (NEMA AÐ MJÖG TAKMÖRKUÐU LEITI)
- BREYTT NÝTING STJÓRNUNARÁLMO (320 m²)
- KENNSLUSTOFUR: 9 kennslustofur á 2. hæð í C-álmu og 4 í stjórnunarálmu, **samtals 13 kennslustofur.**

Báðar leiðir gera ráð fyrir endurskipulagningu stjórnunarálmu með 4 kennslurýmum ásamt gagngerrri endurskipulagningu á C-álmu 1. og 2. hæð.

Í leið A er gert ráð fyrir að fullnýta rishæð með auka 360 m². Næst þannig að losa um kennarastofu á 2. hæð og gera þar auka heimastofu. Í rishæð væri því kennarastofa og hluti stjórnunar og sérkennslu.

Leið B gerir ráð fyrir að ris verði ekki nýtt áfram - nema etv sem geymslurými og aðgengi að loftræsisamstæðu. Hér næst ekki að losa um kennarastofuna á 2. hæð og fæst því ekki auka heimastofa - auk þess sem þarf að finna sérkennslu (sem nú er í risi) annan stað í skólanum. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvar þeim yrði komið fyrir, en mætti t.d. sjá fyrir sér að þrengja að sérgreinastofum á 1. hæð, eða finna staði hér og þar annars staðar í skólanum.

Í leið B er áætlaður framkvæmdakostnaður við 3. hæð unninn út frá kostnaðaráætlun leiðar A - ekki hefur verið gerð sérstök kostnaðaráætlun um leið B, sem gæti falið í sér breyttar áherslur á 2. hæð m.t.t. að ekki fæst ofanljós og tenging upp á 3. hæð. Þar hafa hönnuðir t.d. sett inn auka kostnað við að koma fyrir síðum gluggum á 2. hæð í heimastofum.

Til samanburðar má nefna að áætlað meðal fermetraverð á framkvæmdakostnaði við nýbyggingu skóla gæti verið kr. 600 - 700 þúsund (á móti 298/260 þús. pr. m² við leið A og B).

Kristján Garðarsson arkitekt faí